

Dags eftirlits	1.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Höfði malbikunar verksmiðja (áður Munck)	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfða 6 -10	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	581096 2919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Theodór Welding	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en þrjú eldri frávik eru enn opin. Ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið seinna eftirlit í malbikunarstöð Höfða hf. við Álhelli 34, í Hafnarfirði. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 17. september 2021 og gildir til 8. júní 2034.

Lóðin er deiliskipulögð í deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, dagsett 7. júlí 2009. Þar er lóðin þó skráð Álhella 18, en Hafnarfjarðarbær hefur endurnúmerað lóðirnar og er hún nú Álhella 34.

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Elín Ásgeirsdóttir og Theodór Welding frá rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá:

- Staða fyrri frávíka og ábendinga.
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar, frárennsli og útblástur.
- Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022.
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir.

1. Staða eldri frávíka

a. Farið var yfir stöðu úrbóta vegna vinnu við að reisa skjólveggi við hráefnageymslur. Verkið er á ætluð en verklok er áætluð 1. ágúst 2023. Við skoðun á verksmiðjunni voru teknar myndir af stöðu verksins.

b. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi sem Umhverfisstofnun er með til umfjöllunar þar sem sótt er um að vörubílspallar séu einungis úðaðir með vatnsleysanlegum, umhverfisvænum efnum og því er sett fram ósk um að dregið sé úr kröfu um áfylliplan með niðurfali í lægsta punkti tengt olíuskilju. Málið er til umfjöllunar hjá Umhverfisstofnun.

c. Umbúnaður um 40.000 lítra olíugeymi hefur verið í frávíki. Ákveðið hefur verið að færa geyminn í öryggisþró á lóðinni sem tengd er olíuskilju. Verklok verða fyrir 1. maí 2023, áður en framleiðsla hefst á nýju ári.

d. Umhverfisstofnun hefur fengið sendar niðurstöður mælinga á svifefnum og olíu í frárennsli frá síðasta sumri, eins niðurstöður mælinga á efnum í útblæstri frá ágúst 2022. Öll gögn eru í sátt við kröfur í starfsleyfi.

27. júní sl. voru gerðar hljóðmælingar á lóð verksmiðjunnar á meðan framleiðsla var í gangi. Vindur var hægur og um 9° C hiti. Niðurstöður mælinganna gefa til kynna að kröfur til hljóðstigs á lóðamörkum verksmiðjunnar séu uppfylltar.

Fráviki um skil á mælingum (frá 2019) er því lokað.

2. Staða reksturs og hreinsikerfa

Rekstur verksmiðjunnar í sumar hefur gengið vel og mikið framleitt af malbiki. Stöðin er með kalda innmötun og allmikið af malbikskurli var notað í framleiðsluna. Keyptur hefur verið hentugur brjótur til að vinna gamalt malbik til notkunar í framleiðsluna. Hreinsivirki í útblæstri (pokasíur) virðast í ágætu lagi og samkvæmt niðurstöðum mælinga er losun mengunarefna ásættanleg og engar kvartanir hafa borist.

Þjónusta við sandföng og olíuskiljur virðast í ágætu lagi. Í ágúst sl. var tekið sýni úr frárennsli og olíumagn í frárennslisvatni mælt. Niðurstöða mælingar er að olíumagn er undir greiningarmörkum (<2 mg/L). Í september voru svifagnir mældar og reyndust undir losunarmörkum í starfsleyfi (9,1 mg/L). Í grein 3.7 í starfsleyfi eru losunarmörk fyrir olíu í frárennsli sett 15 mg/kg og losunarmörk fyrir svifagnir í frárennsli sett 50 mg/L.

3. Olíumannvirki

Rekstraraðili hefur skilað inn skráningarblaði vegna olíugeyma í Álhelli 34. Síðan þá hefur bikgeymir nr. DT 03 verið aflagður og því verða tveir 80 m³ bikgeymar á lóðinni. 1,2 m³ neyslugeymir stöðvarinnar vegna áfyllingar á vinnuvélar er staðsettur á öryggisþró stöðvarinnar og eins og komið hefur fram mun 40 m³ díselolíugeymir færast inn í sömu öryggisþró og verður öll áfylling og afgreiðsla díselolíu á áfyllingarplani með niðurfali í lægsta punkti tengt olíuskilju.

Farið er fram á að rekstraraðili sendi afrit af uppfærðri samantekt á olíu- og bikgeymum stöðvarinnar til Umhverfisstofnunar.

4. Kröfur starfsleyfis

Áætlanir: Fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir og vera aðgengilegar. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar, áætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri. Allar eru þær tilbúnar og liggja fyrir í stöðinni.

Skýrslur og gagnaskil: Gerð er krafa um skil á mælingagögnum vegna greina nr. 3.6 og 3.7 í starfsleyfi innan mánaðar frá því að mælingarnar eru framkvæmdar. Eins eru skil á grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert áskilin í starfsleyfi. Þessi gögn liggja öll fyrir.

Skráningar: Skrá skal eftirtaldar upplýsingar: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar, magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, prófun og kvörðun mælitækja, magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku. Þetta verður allt skoðað í eftirliti næsta árs þegar heilt rekstrarár er að baki.

Umhverfismarkmið: Með mælanlegum umhverfismarkmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins. Umhverfismarkmið liggja fyrir.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður notað við gerð eftirlitsáætlunar næsta árs.

6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir.

Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur flutt malbiksframleiðslu sína úr Sævarhöfða í Reykjavík og komið sér fyrir að Álhelli 34 í Hafnarfirði. Grjótmulningsstöð Höfða hf. verður lögð af og mun því ekki flytjast í Hafnarfjörð. Eins kom fram hjá rekstraraðila að vetrarþjónsta Höfða hf. mun flytja úr Sævarhöfðanum en ekki er enn ákveðið hvar hún fær aðstöðu. Vegna plássleysis að Álhelli 34 verður aðstaða vetrarþjónustunnar ekki þar.

Smávægilegur bruni sem slökktur var með handslökkvitæki varð í bikgeymi nr. DT 03 og hefur verið ákveðið að afleggja geyminn. Ekkert mengunaróhöpp hlaut af þessu. Engar kvartanir vegna rekstursins hafa borist.

Gengið var um svæðið með fulltrúum rekstraraðila. Skoðuð var verkstæðisaðstaða, með efnageymslu og aðstöðu til flokkunar úrgangs. Þvottaplan við hlið verkstæðis hefur ekki verið tekið í notkun en einhver efnavara er geymd á þvottaplani enda er frárennsli af planinu tengd olíuskilju. Díselgeymir og aðstaða við hann var skoðuð en eins og áður hefur komið fram þá verður geymirinn fluttur upp á öryggisþróna í vetur.

Myndir voru teknar af stöðu framkvæmda við hráefnageymslur, af aðstöðu við fræsingu á malbiki og af aðstöðu við úðun vörubílsþalla.

ÁBENDINGAR

Farið er fram á að rekstraraðili sendi afrit af uppfærðri samantekt á olíu- og bikgeymum stöðvarinnar til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2022



Gottskálk Friðgeirsson